

FRAMHALD AF FORSIÐU

Í pottinn búið
Erró og Jón Gnarr borgarstjóri afhjúpa gullsleginn pott sem Erró færði Listasafni Reykjavíkur að gjöf á dögunum.



FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

MYNDLIST
BERGSTEINN
SIGURÐSSON

ANDINN FYLGIR *EFNINU*



**Afmælistónleikar
Jóns kr Ólafsson söngvara
þann 25. september.**

Tónleikarnir verða haldnir í sal FÍH í Rauðagerði 27 Reykjavík, kl. 20:30.

Fyrr viku var opnuð í Listasafni Reykjavíkur sýningin Erró – Klippimyndir. Þar gefst almenningi í fyrsta skipti tækifæri til að skoða um það bil 130 klippimyndir sem Erró hóf að gefa Listasafni Reykjavíkur árið 1989. Elstu verkin eru frá námsárum Errós í Myndlista- og handíðaskólanum 1950 til 1951, þar sem hann komst fyrst í kynni við þetta listform. Erró hóf þó ekki meðvitað notkun samklippu fyrr en í lok sjötta áratugarins og þá í formi mynda og prentaðra texta. Allt frá árinu 1989 hefur Erró gefið Listasafni Reykjavíkur 472 klippimyndir sem spanna langan feril listamannsins.

Tók klippiverkin ekki alvarlega

Á sýningunni eru til sýnis samklipputeikningar og samklippuuppsetningar, en einnig tilklipptar pappírsmýndir frá námsárunum.

„Sannleikurinn er sá að ég tók þessar myndir aldrei alvarlega, þær voru alltaf bara ofan í skúffu. Það var ekki fyrr en með sýningu í Pompidou-safninu sem ég fór að taka þær alvarlega og er byrjaður



Enska stúlkan, 2010.



Vélmennning, um 1950 til 1951.

að skrá þær skipulega. En margar eru því miður horfnar.“

Erró notar gjarnan klippimyndir til að mála eftir, eins og nokkur dæmi eru um á sýningunni.

„Ég byrja á því að útbúa klippimynd, ljósmynda hana og varpa henni á léreft, þannig ég sjái myndina en geti líka fantaserað í kringum hana. Þetta gengur best í ákveðnu birtustigi – á þeim tíma

dags þegar það er hvorki dagur né nótt. Það er líka þá sem maður veiðir besta laxinn.“

Endurnýjuð ástríða

Erró kveðst hafa endurnýjað ástríðu sína fyrir klippiverkum sem listformi eftir að hafa farið í nokkrar stórar skurðaðgerðir á skömmum tíma og þurft að halda sig heima við í tvo til þrjá mánuði.

RAUSNARLEG GJÖF

Við opnun sýningarinnar á klippiverkum Errós, færði hann Listasafni Reykjavíkur listaverk eftir franska listamanninn Jean-Pierre Raynaud: Le Pot Doré, eða Gullsleginn pottur. Um er að ræða verk sem Raynaud hefur gert í ýmsum útgáfum, meðal annars fimm metra hátt verk sem stóð

við Pompidou safnið í París ekki alls fyrir löngu. Listaverkið, sem Erró afhjúpaði ásamt Jóni Gnarr, borgarstjóra, er dýrmæt viðbót við safneign Listasafns Reykjavíkur og verður sýnt opinberlega á Kjarvalsstöðum í vetur, ásamt öðrum verkum sem safninu hafa áskotnast undanfarin fimm ár.